


LOÐNUVINNSLAN HF.

**SKÝRSLA UM GRÆNT BÓKHALD
FYRIR ÁRIÐ 2015**



April 2016

EFNISYFIRLIT

1	Loðnuvinnslan hf	2
1.1	Umhverfisstefna	2
1.2	Almennt um Loðnuvinnsluna hf	2
1.3	Staðsetning	3
1.4	Framleiðsluferli	4
1.4.1	Sjóðari	4
1.4.2	Forsía	4
1.4.3	Pressa	4
1.4.4	Skiljun	4
1.4.5	Soðkjarnataeki	4
1.4.6	Þurrkferlið	4
1.5	Stærð fyrirtækisins	6
1.6	Umhverfispættir í grænu bókhaldi – vinsun	6
1.7	Umhverfismál	6
1.8	Um grænt bókhald Loðnuvinnslunnar	6
2	Lykiltölur um umhverfismál, hráefna- og auðlindanotkun	7
2.1	Framsetning upplýsinga	7
2.2	Umhverfismörk fyrir losun og önnur ákvæði í starfsleyfi	7
2.3	Hráefni, hjálparefni og auðlindir	7
2.3.1	Hráefni og hjálparefni	7
2.3.2	Auðlindir	8
2.4	Umhverfispættir	9
2.4.1	Tegundir og magn mengunarefna í framleiðslu- og vinnsluferli	9
2.4.2	Tegundir og magn mengunarefna í framleiðsluvörum	9
2.4.3	Tegundir og magn mengunarefna í útbæstri	9
2.4.4	Lykt	10
2.4.5	Tegundir og magn mengunarefna í frárennsli	10
2.4.6	Magn og meðferð úrgangs og mengunarefni í úrgangi	11
2.4.7	Mæling á hljóðvist	11

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Loðnuvinnslunnar hf.

Ég hef endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Loðnuvinnslunnar hf. fyrir árið 2015 en hún hefur að geyma umhverfisstefnu fyrtækisins, framleiðsluferli, yfirlit um auðlindanotkun ásamt öðrum upplýsingum um, hvernig umhverfismálum félagsins er háttáð. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð míni felst í því álti sem ég læt í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henna ber mér að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig, að nægileg vissa fáist um að tölur, sem gefnar eru upp í skýrslunni, séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar, sem fram koma í ársreikningnum, séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að umrædd skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2015 og að aðrar upplýsingar, sem í henna koma fram, séu rétt fram settar.

Fáskrúðsfirði 20. júní 2016



Guðmundur Jóelsson
löggiltur endurskoðandi


STAÐFESTING STJÓRNAR LOÐNUVINNSLUNNAR HF. OG ENDURSKOÐUN

Ábyrgð stjórnar Loðnuvinnslunnar hf. á þeim upplýsingum sem eru í skýrslu þessari um grænt bókhald er staðfest með undirskriftum stjórnaraðila hér fyrir neðan. Engin frávik á sviði umhverfismála í rekstri Loðnuvinnslunnar hf. eru talin hafa orðið á bókhaldsárinu 2015.

Endurskoðandi Loðnuvinnslunnar hf., Guðmundur Jóelsson, löggiltur endurskoðandi hefur farið yfir skýrslu þessa og staðfest að upplýsingar og magnトル séu réttar. Undirskriftin hér fyrir neðan er staðfesting á endurskoðun hans.




Lars Gunnarsson
kt. 170847-4159



Jónína G. Óskarsdóttir
kt. 280963-4379



Elvar Óskarsson
kt. 251166-4639



Berglind Ósk Agnarsdóttir
kt. 191264-4369



Steinn B. Jónasson
kt. 300456-5109

1 LOÐNUVINNSLAN HF.

1.1 UMHVERFISSTEFNA

Starfsmenn Loðnuvinnslunnar hf hafa það að markmiði að starfsemin sé í sátt við umhverfið og vinna sífellt að úrbótum í umhverfismálum.

Loðnuvinnslan vill vera í fararbrotti hvað umhverfismál varðar, jafnt varðandi umhverfisáhrif og almenna umgengni og snyrtimennsku.

Með ofangreint í huga er reynt að;

- efla umhverfisvitund starfsmanna,
- farga úrgangi á þann hátt að sem minnst umhverfisáhrif verði,
- haga starfseminni í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál, og kröfur í starfsleyfi Loðnuvinnslunnar,
- fylgjast með hugsanlegum umhverfisáhrifum starfseminnar,
- minnka neikvæð áhrif starfseminnar ef þau eru til staðar,
- hafa almenna snyrtimennsku allstaðar í fyrirrúmi, jafnt utanhúss sem innan.

1.2 ALMENNT UM LOÐNUVINNSLUNA HF.

Loðnuvinnslan hf.
Skólavegi 59, 750 Fáskrúðsfirði
Númer fyrirtækjaflokks: 6,9
Tímabil sem grænt bókhald nær yfir:
1. janúar – 31. desember 2015


Stjórn Loðnuvinnslunnar hf
Formaður: Lars Gunnarsson
Varaformaður: Elvar Óskarsson
Ritari: Steinn Jónasson
Aðrir í stjórn: Berglind Agnarsdóttir og Jónína Óskarsdóttir

Ábyrgðarmenn/tengiliðir græns bókhalds
Framkvæmdastjóri: Friðrik Mar Guðmundsson
Verksmiðjustjóri: Magnús Ásgrimsson
Skrifstofustjóri: Halldór Snjólaugsson

Gildistími, útgefandi og eftirlitsaðili með starfsleyfi	Pættir í starfsemi Loðnuvinnslunnar hf sem starfsleyfið gildir fyrir og færa á grænt bókhald yfir
Gildistími: 17. sept. 2030 Útgefandi: Umhverfisstofnun Eftirlitsaðili: Umhverfisstofnun	Framleiðsla fiskmjöls og lýsis úr allt að 1.000 t af hráefni (fiski og fiskúrgangi) á sólarhring, auk loðnuflokkunar og hrognatöku.

1.3 STAÐSETNING

Á mynd 1 má sjá að fiskmjölsverksmiðja Loðnuvinnslunnar hf er staðsett yst í Búðakauptuni við norðanverðan botn Fáskrúðsfjarðar.



Mynd 1. Staðsetning fiskmjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar hf á Fáskrúðsfirði.

1.4 FRAMLEIÐSLUFERLI

Á **mynd 2** má sjá einföldun á framleiðsluferli fiskmjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar hf. Vinnsluferlið er byggt upp af mörgum einingum. Helstu einingar í ferlinu eru suða, forsiun, pressun, skiljun og eiming. Síðan á sér stað þurrkun á hráefni og er afurðin fullþurrkað fiskimjöl.

1.4.1 Sjóðari

Hráefnið er hitað í 45-50°C í forsjóðara. Forsjóðarinn er röravarmaskiptir sem nýtir glatvarma frá þurrkurum. Eimurinn frá þurrkurunum fer fyrst í gegn um eimingartæki (glatvarmatæki) og síðan í forsjóðaranum. Á eftir forsjóðaranum er notaður snigilsjóðari við suðuna. Gufa er leidd í snigilrör og þaðan í blöðin á sniglinum sem hitar upp hráefnið. Í sjóðurunum er hráefnið soðið og hitað í 90-97°C. Við suðuna er losað um vatn og fitu með því að hleypa próteinin. Lífhvatar eru einnig gerðir óvirkir með suðunni.

1.4.2 Forsía

Grófsiun á soðnu hráefni fer fram í forsíum, sem staðsettir eru á milli sjóðara og pressa. Þar er mestur hluti af vökvunum frá soðna hráefninu síður frá áður en það fer í pressu. Vökvinn frá forsiunni blandast pressuvökvanum, sem fer í skiljun í mjölskilvindu.

1.4.3 Pressa

Soðna hráefnið er pressað eftir forsiun og skilst þá í tvennt, fastan hluta sem kallast pressukaka og fljótandi hluta sem kallast pressuvökvi.

1.4.4 Skiljun


Pressuvökvanum er dælt á mjölskilvindu og er þar skilinn í two fasa, hrat (mjölskilvinduhrat) og soðlýsi. Hratið blandast pressuköku og soðkjama í sniglum á leið til þurrkara. Soðlýsi er skilið í soðlýsskilvindum í soð og lýsi.

1.4.5 Soðkjarnatæki

Soðið er þykkt í soðkjarnataekjum/eimingartækjum með gufun og er þykkt soð kallað soðkjarni og þykkingin eiming.

1.4.6 Þurrkferlið

Þurrkferlið skilar fullþurrkuðu fiskimjöli. Gæði mjölsins fara mest eftir hráefnisgæðum og er magn reikulla köfnunarefnissambanda (TVN) í hráefni mikilvægasti mælikvarðinn á þau. Þurrkarakerfið samanstendur af þurrkurum í lokaðri hringrás sem draga raka úr mjölinu í þurrkaratromlu og skila honum út í sjó við þéttingu í kæliturni.



Mynd 2. Framleiðsluferli fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar hf.

1.5 STÆRD FYRIRTÆKISINS

Árið 2015 voru 12 fastráðnir starfsmenn í þeirri starfsemi Loðnuvinnslunnar hf. sem grænt bókhald nær yfir.

Heildarmagn fiskmjöls framleitt árið 2015 voru 16.992 tn og lýsis 4.314 tn. Er þetta mikil aukning, eða rúmlega tvöföldun frá árinu áður. Einnig var mikil aukning í manneldisvinnslu uppsjávarfisks.

1.6 UMHVERFISPÆTTIR Í GRÆNU BÓKHALDI – VINSUN

Í starfsleyfi Loðnuvinnslunnar hf. er krafa um reglubundna vöktun nokkurra umhverfispáttar sem helst geta haft neikvæð áhrif á umhverfið. Þættirnir eru lykt, loftmengun, frárennsli og úrgangur.

1.7 UMHVERFISMÁL

Helstu þættir í starfsemi Loðnuvinnslunnar hf. sem geta haft áhrif á umhverfið eru lykt, sem fer að mestu eftir ferskleika hráefnis, brunagös, s.s. brennisteinstvíoxið (SO_2) úr reykháfum og magn fitu, svifefna, lífrænna efna (COD) og sýrustigs í frárennsli sem leitt er í sjó.

1.8 UM GRÆNT BÓKHALD LOÐNUVINNSLUNNAR

Starfsfólk skrifstofu Loðnuvinnslunnar hf færir í rekstrarbókhald fyrirtækisins magn-tölur yfir hráefni, eldsneyti, íblöndunarefnar, hreinsiefni, smurefni og ýmsar rekstrar-vörur. Magnús Ásgrímsson verksmiðjustjóri og Halldór Snjólaugsson skrifstofustjóri halda þessum upplýsingum saman fyrir grænt bókhald fyrirtækisins.

Magnús Ásgrímsson, verksmiðjustjóri, iðnaðartæknifræðingur, tók saman skýrsluna.

2 LYKILTÖLUR UM UMHVERFISMÁL, HRÁEFNA- OG AUÐLINDANOTKUN

2.1 FRAMSETNING UPPLÝSINGA

Í skýrslunni eru upplýsingarnar settar fram í töfluformi og/eða í kökuriti. Reynt var að hafa skýrsluna stutta, hnitmiðaða og aðgengilega.

2.2 UMHVERFISMÖRK FYRIR LOSUN OG ÖNNUR ÁKVÆÐI Í STARFSLEYFI

Í **töflu 1** má sjá umhverfismörk fyrir losun og önnur ákvæði í starfsleyfi.

Tafla 1. Umhverfismörk fyrir losun efna sem valdið geta mengun í umhverfinu og önnur ákvæði í starfsleyfi Loðnuvinnslunnar hf.

Framleiðslu- eða umhverfispáttur	Umhverfismörk/önnur ákvæði í starfsleyfi (hámarksstyrkur eða magn efna/pátta)
Hráefni	Magn reikulla köfnunarefnissambanda/basa í hráefni (TVN-gildi) skal ekki fara yfir 120 mg N/100 g nema í undantekingartilfellum.
Frárennslí yfir sólarhring	Fita: 100 mg/l Svífefni: 300 g/t hráefnis COD*: 1,5 kg/t hráefnis
Loftmengun	Ryk má ekki fara yfir 100 mg/Nm ³ .**
Hljóðvist	Hljóðstig í nærliggjandi íbúðabyggð samkvæmt mörkum í reglug. nr. 724/2008.

*Mælikvarði á magn lífræns efnis í frárennslí (efnafræðileg súrefnisþurrð, það magn súrefnis sem þarf til efnafraeðilegs niðurbrots lífræns efnis í einum lítra af vökva).

** Meðaltalsmæling yfir sólarhring, gildir fyrir 3% súrefnisinnihald af rúmmáli.

2.3 HRÁEFNI, HJÁLPAREFNI OG AUÐLINDIR

2.3.1 Hráefni og hjálparefni

Í **töflu 2** má sjá magn hráefna og hjálparefna sem notuð voru árið 2015 við framleiðslu fiskimjöls og lýsis, og flokkun fisks.

Sem þráavörn, til að fyrirbyggja þránun fiskmjöls, var einkum notað ethoxyquin Samkvæmt starfsleyfi Loðnuvinnslunnar hf. skal hráefni ávallt vera sem ferskast til að lágmarka lykt frá verksmiðjunni.

Reglulegar mælingar fóru fram árið 2015 á eftirfarandi þáttum:

- TVN-gildi og hitastig fisks í vinnslu (mælt a.m.k. tvisvar á dag í vinnslunni og við löndun hvers hráefnisfarms).
- Hitastig landaðs afla er mælt með sírita.

2.3.2 Auðlindir

Í töflu 2 má sjá hráefnisnotkun og notkun þráavarna- og hjálparefna við framleiðsluna. Einnig orku- og vatnsnotkun árið 2015 í tengslum við starfsleyfis-skylda starfsemi Loðnuvinnslunnar hf.

Tafla 2. Magn meginhráefna og hjálparefna í fiskmjöls- og lýsisframleiðslu árið 2015. Í töflunni má einnig sjá orku- og vatnsnotkun.

Hráefni/hjálparefni	Heildarmagn	Magn/t. hráefnis
Hráefni notað í fiskimjöl og lýsi		
Loðna	37.225 tn	
Kolmunni og meðaflí	39.394 tn	
Síld og makrill	6.151 tn	
Annað	114 tn	
Heildarmagn fisks	82.884 tn	
Selt til manneldis		
Síld seld til manneldis	1.434 tn	
Loða og loðnuhrogn	7.699 tn	
Makrill til manneldis	3.527 tn	
Rotvarnar- og hjálparefni í framleiðslunni		
Ediksýra	89.250 ltr	
Þráavörn í fiskimjöl (Ethoxyquin)	1.400 ltr	
Þrávörn í lýsi (BHT)	0 kg	
Orku- og auðlindanotkun		
Rafmagn	40.112.547 kWst	494,0 kWst
Olía		
Smurolía (glussi, gírolíur o.fl.)	2.418 kg	--
Marine díselolía MD, flotaolía	442.909 kg	5,3 kg
Lituð díselolía á lyftara	12.255 ltr	
Kalt vatn	108.701 m ³	1,3 m ³

2.4 UMHVERFISPÆTTIR

2.4.1 Tegundir og magn mengunarefna í framleiðslu- og vinnsluferli

Í vinnsluferlinu var raforka aðalorkugjafinn við framleiðslu gufu, en MD-olía er notuð sem varafl en með brennslu hennar myndast ýmis brunagös (sjá í **kafla 2.4.3**). Notkun olíu hefur snarminnkað undanfarin ár.

2.4.2 Tegundir og magn mengunarefna í framleiðsluvörum

Ekki er um að ræða nein mengunarefni í framleiðsluvörum Loðnuvinnslunnar hf. Þó ber að hafa í huga að fiskur sem notaður er til framleiðslu fiskmjöls og lýsis hjá verksmiðjunni getur verið mengaður af þrávirkum lífraenum efnum á borð við dioxín og fúran úr sjó. Loðnuvinnslan hf. tók þátt í rannsókn á vegum Félags íslenskra fiskmjölsframleiðanda árið 2002 þar sem styrkur dioxína (PCDD) og PCB var mældur í sýnum af fiskimjöli og lýsi. Niðurstöður rannsókna sýndu að magn efnasambandanna í fiskmjöli var vel undir mörkum sem sett hafa verið í löndum ESB og það sama á við um megnið af lýsinu (skýrslu með niðurstöðum rannsóknanna má sjá á heimasíðu félagsins: www.sf.is/fif). Sýni af mjöli og lýsi hafa síðustu ár verið send reglulega til dioxínmælingar og hafa niðurstöðurnar verið innan marka.

2.4.3 Tegundir og magn mengunarefna í útbæstri

Rafskautaketill framleiðir langstærstan hluta þeirrar gufu sem notuð er við suðu og þurrkun hráefnisins, en olíukatlar eru sem varafl.

Loftræst var frá helstu einingum í blautvinnslu, s.s. sjóðurum, pressum, sniglum, tönkum og skilvindum, og frá tækjum í mjölvinnslu, s.s. mjölkvörn og mjölkæli. Loft frá gufuburrkurum var endurnýtt í glatvarmatæki. Til að lágmarka lykt fer loft frá blautvinnslunni einnig í gegnum lyktareyðingu, sem felst í því að loftið fer í gegnum þvotta- og þéttiturn. Síðan er loftið leitt í gegn um efnaturn sem í er klórblandaður sjór. Allt útblástursloft fer að lokum í stromp sem er 30 m hárr eða rúmlega tvísvar sinnum lofthæð verksmiðjuhússins og er útblásturhraðinn samkvæmt mælingu 2015, 24,3 m/sek.

Vöktun loftmengunar

Magn efna í útblæstri til andrúmslofts hefur ekki verið metið hingað til. Í nýju starfsleyfi fyrirtækisins er mælt fyrir um að meta framlag verksmiðjunnar til loftmengunar fyrir árslok 2015. Hér er bæði um að ræða losun lyktarefna frá vinnslu og brunalofts frá olíubrennslu.

Við brennslu olíu myndast ýmis brunagös, s.s. SO₂, CO₂ og PAH efni (fjölhringa arómatísk kolvettissambond) sem fara til andrúmslofts um strompa. Magn SO₂ og gróðurhúsalofttegundarinnar CO₂, sem myndaðist við bruna olíu árið 2015, er áætlað í **töflu 3**. Það ber að undirstrika að notkun jarðefnaeldsneytis hefur minkað geysilega er í raun aðeins varafl núorðið.

Tafla 3. Magn brunagasa (SO₂ og CO₂) í útblæstri árið 2015 vegna bruna olíu.

Páttur	Magn
Magn dísel-/flotaoliu (MD-olíu)	442,9 tn
Hlutfall S í flotaoliu (hlutfall SO ₂)	0,2% (0,4%)
Magn SO ₂ í útblæstri vegna brennslu díseloliu	1,8 tn
Magn CO ₂ í útblæstri vegna bruna* dísel-/flotaoliu	1.256 tn

* 3.1863 tn af CO₂ við bruna hvers tonns af díseloliu (upplýsingar frá UST). Eðlisþyngd MD-olíu 0,89.

Mæling á ryki útblástri olíukatla

Lang mest var keyrt á rafmagni árið 2015. Ekki varð af því að mæla ryk í útblæstri fyrr en í apríl 2016.

Tafla 4. Efnainnihald í útblæstri og magn útblasturs frá kötlum.

Mælistaður	Umreiknað meðaltal ryks	Útblásturs-magn þurr	Magn í útbæstri	Meðal loftþraði	Hitastig
Ketill 2	28,6 mg/Nm ³	8.900 Nm ³ /klst	0,18 kg/klst	9 m/sek	225,1 °C
Ketill 3	22,9 mg/Nm ³	17.000 Nm ³ /klst	0,31 kg/klst	19 m/sek	290,1 °C

2.4.4 Lykt

Óhjákvæmilega fylgir fiskmjölsverksmiðju lykt, sem sumum finnst ekki góð. Reynt er að lágmarka lyktina eins og kostur er. Í verksmiðjunni er notaður sá hreinsibúnaður sem krafist er af heilbrigðisýfirvöldum. Afsog er frá öllum tækjum í vinnslu sem skipta máli varðandi lykt og er loft frá þeim nýtt í glatvarmatæki og forsjóðara. Þaðan fer afsog í lykteyðingu í þvotta- og þéttiturn og þaðan í efnaturn sem í er klórblandaður sjór. (sjá nánar í **kafla 2.4.3**).

Passað er upp á að hráefni í framleiðsluna sé sem ferskast. Engin formlega kvörtun vegna lyktar frá verksmiðjunni, barst árið 2015 og mjög lítið var um óformlegar kvartanir.

2.4.5 Tegundir og magn mengunarefna í frárennsli

Áður en frárennslisvatn fer til sjávar er það leitt í fitugildru sem fjarlægir megnið af fitu og föstum eftum úr vatninu. Um er að ræða frárennsli frá löndun, flokkunarstöð, löndunarhúsi og af gólfí í verksmiðju. Löndunarvatn eða blóðvatn sem hringkeyrt er við löndun er dælt inn í framleiðsluferilinn og unnið með öðru hráefni.

Vatn úr vöskum og skolp fer í fráveitukerfi þéttbýlisins á Búðum.

Fitugildra er tæmd eins oft og þörf krefur og farið með innihaldið til móttökustöðvar (sjá nánar í **kafla 2.4.6**).

Vöktun frárennslis

Í starfsleyfi Loðnuvinnslunnar segir að gera skuli könnun á heildarlosun mengunarefna í frárennslí (frá fitugildru og hreinsibúnaði).

Verkfræðistofan Efla mældi sólarhringsrennsli frá fitugildru verksmiðjunnar 4. – 5. maí 2015. Í framhalдинu skiliðu þeir skýrslu um magn frárennslis og COD, fitu og svifefni í frárennslinu. Umræddan sólarhring var full vinnsla í verksmiðjunni og hráefnisnotkunin um 750 tn.

Öll gildi voru vel innan viðmiðunarmarka sem gefin eru í starfsleyfi.

Tafla 4. Efni og þættir í frárennslí sem búið er að mæla og möguleg umhverfisáhrif.

Efnainnihald/þættir í frárennslí	Mældur efnastyrkur	Mörk í starfsleyfi	Losun mv rennsli
Vatnsmagn	5,5 m ³ /klst		132 m ³ /dag
Fita	21 mg/l	100 mg/l	3 kg/dag
Svífefni	77 mg/l	300 g/tn hráefnis	13 g/tn hráefnis
COD	394 mg/l	1,5 kg/tn hráefnis	0,07 kg/tn hráefnis

2.4.6 Magn og meðferð úrgangs og mengunarefni í úrgangi

Í **töflu 5** má sjá magn og gerðir úrgangs árið 2015. Botnfall úr fitugildru var flutt til móttökustöðvar á Þernunesi, þar sem það var urðað. Magnið var 26.520 kg, sem er talsvert minna en árið á undan. Í töflunni má einnig sjá magn járms sem sent var til endurvinnslu. Olíuúrgangi er skilað til seljanda (N1).

Þess má geta að heimilisúrgangur verksmiðjunar er flokkaður og plasti og pappír skilað á móttökustöð.

Í starfsleyfi fiskmjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar hf er gert ráð fyrir að fastur úrgangur frá starfsleyfisskildum þáttum sé endurnýttur eða honum fargað.

Tafla 5. Fastur og fljótandi úrgangur og helstu tegundir mengandi efna í úrgangi.

Efni	Magn
Endurnýttur úrgangur Járn	4.880 kg
Urðaður úrgangur Botnfall úr fitugildru Óflokkað	25.500 kg 13.170 kg

Spilliefni		
Úrgangsolia		1.500 ltr
Önnur spilliefni		23 kg
Möguleg mengunarefní í botnfalli úr fitugildru og olíu: Fita og annað lífrænt efni, sýra, PAH efni, PCB efni og ýmsir þungmálmar.		

2.4.7 Mæling á hljóðvist

Samkvæmt starfsleyfi má hávaði við lóðarmörk ekki fara yfir 70 dB og fyrirtækinu skylt að mæla hljóðvistina fyrir árslok 2015. Mælingin var gerð 5. júní 2015. Verkfræðistofan Efla sá um mælinguna og voru mælistaðirnir 6 talsins á lóðarmörkum. Niðurstaðna er að hæsta jafngildishljóðstig var 60,9 dB og hæsta punktgildi 66,8 dB.